Nr. 2.
2.
febr.

# Lög

um

aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta og fl.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir að skoða skjöl útlendra fiskiskipa skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra 10 aura af hverjum tonn, er skipið rúmar, ef skipið hefur eigi fyrri komið á íslenzka höfn og sýnt skjöl sín í þeirri fiskiferð að landinu, ella 5 aura af tonn.

þegar hreppstjóri skoðar skipaskjölin fyrir hönd lögreglustjórans, skal gjaldinu skipt jafnt milli þeirra.

2. gr.

Fyrir störf þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin sem skráningarstjórum samkvæmt 17. gr. farmannalaga 22. marz 1890, skal greiða þeim eða löggiltum umboðsmönnum þeirra gjöld þau, sem þeim eru ákveðin í greindum lögum.

3. gr.

Fyrir eptirrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókunum, hvort sem þau eru í gjörðarformi eða ekki, svo og fyrir eptirrit af skjölum í skjalasöfnum embættanna, skal greiða hlutaðeigandi embættismanni 50 aura fyrir hverja örk, en fyrir hálfa örk og þaðan af minna greiðist ekki nema hálft gjald. Í dómsmálum, er nema eigi meiru en 50 kr., skal þó aðeins greiða helming gjalds þessa. Fyrir pappír og önnur ritföng skal eigi greiða sjerstaka borgun, en þurfi að binda eitthvað inn, skal það sjerstaklega borgað.

Í opinberum málum, gjafsóknarmálum, hjúamálum og í lögreglumálum um meðgjöf með óskilgetnum börnum, svo og þegar málsaðilar eru eptir lögunum undanþegnir því að greiða rjettargjöld í hjeraði, skal engi ritlaun gjalda; en í gjafsóknarmálum skulu ritlaun þau, er gjafsóknarhafandi hefði átt að greiða, goldin af hinum málsaðila, þegar hann með dómi er skyldaður til að greiða málskostnaðinn.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 2. 2den Feb.

om

## de Sysselmænd og Byfogder med flere tilkommende Sportler, Diæter og Vederlag for Rejseomkostninger.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

For Eftersyn af fremmede Fiskerskibes Papirer erlægges til vedkommende Politimester eller Repstyrer, saafremt Skibet ikke allerede tidligere paa samme Fisketogt har været inde paa en islandsk Havn og forevist sine Papirer, 10 Øre pr. Ton af Skibets Drægtighed, i modsat Fald 5 Øre pr. Ton.

I de Tilfælde, hvor Eftersynet er foretaget paa Politimesterens Vegne af Repstyreren, deles Gebyret lige imellem dem.

§ 2.

For de Sysselmændene og Byfogderne som Mønstringsbestyrere ifølge Lov vedrørende Søfarten af 22de Marts 1890 § 17 paahvilende Forretninger nyde de eller deres autoriserede Fuldmægtige de dem i Henhold til den nævnte Lov tillagte Gebyrer.

§ 3.

For Udskrifter efter privat Begæring af Embedets Protokoller, hvad enten de udfærdiges i Akts Form eller som simple Udskrifter, samt for Afskrifter af de ved Embedets Arkiv beroende Dokumenter tilkommer der vedkommende Retsbetjent i Skriverløn 50 Øre for hvert Ark, saaledes at der for et halvt Ark, og hvad der er derunder, kun erlægges det halve. I Domssager erlægges dog, naar Sagens Genstand ikke overstiger 50 Kr., kun Halvdelen af den ovennævnte Betaling. For Papir og andre Skrivematerialier erlægges ingen særskilt Betaling, men Indbinding, hvor den behøves, betales for sig.

I offentlige og beneficerede Sager, Tyendesager samt i Politisager, som angaa Opfostringshjælp til uægte Børn, samt iøvrigt i de Tilfælde, hvor Parterne ifølge Lovgivningen ere fritagne for at erlægge Retsgebyrer i første Instans, erlægges ingen Skriverløn, men i beneficerede Sager bliver den Skriverløn, som ellers den beneficerede Part skulde udrede, at tilsvare af Modparten, naar denne ved Dom tilpligtes at betale Processens Omkostninger.

Nr. 2.
2. febr.

Rita skal þannig allar rjettargjörðir og eptirrit, að á hverri blaðsíðu sjeu 28 línur en 32 bókstafir í hverri línu; þegar útreikningar og virðingar koma fyrir í afskriptunum, svo að hafa verður eina eða tvær spássíur á blaðsíðunni, skal í hverri línu vera 24 bókstafir, ef spássian er ein, en 16, ef tvær eru.

Ritlaunin við landsyfirdóminn ber að greiða eptir framangreindum reglum, og fær dómsmálaritarinn þau.

4. gr.

Í sakamálum og öðrum dómsmálum, hvort sem eru opinber mál eða einkamál, svo og í fógeta-, skipta-, uppboðs-, nótaríal-, skoðunar-, rannsóknar-, skiptingar- og öðrum þesskonar gjörðum ber að endurgjalda embættismanninum ferðakostnað þann, er hann hefur haft, eptir sundurliðuðum reikningi. Amtmaður úrskurðar reikninginn í opinberum málum og gjafsóknarmálum og einnig í einkamálum, ef ágreiningur verður. Þegar ferðin er farin eptir beiðni einstakra manna, á gjörðarbeiðandi kost á að sjá embættismanninum fyrir ókeypis flutningi fram og aptur frá stað þeim, sem gjörðin á að fara fram á, í stað þess að greiða honum borgun fyrir ferðakostnað.

5. gr.

Nú eru fleiri gjörðir en ein haldnar á sömu ferðinni, og skal þá jafna niður borgun fyrir ferðakostnað í rjettu hlutfalli. Fyrir gjörðir þær, er haldnar eru á þingaferðum, má embættismaðurinn aðeins reikna sjer borgun fyrir ferðakostnað fyrir þá daga, sem ferð hans tefst við gjörðirnar.

6. gr.

Á skipstrandsferðum ber lögreglustjóra eða umboðsmanni hans 6 kr. í dagpeninga hvern þann dag, sem hann strandsins vegna þarf að vera fjarverandi frá heimili sínu, og skulu uppboðsdagarnir taldir þar með. Borgun þessi skal vera þriðjungi hærri (9 kr.) þá daga, sem hann verður að vera viðstaddur á fjörunni til þess að skipa fyrir um björgun lengur en 8 stundir; en þar með má þó eigi telja þann tíma, er hann ver til undirbúnings strandbókarinnar. o. s. frv. Þar að auki skal greiða lögreglustjóra eða umboðsmanni hans ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan.

7. gr.

Fyrir tilsjón með útflutningum skal greiða lögreglustjóra 6 kr. hvern þann dag, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu, og enn fremur ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan. Gjöld þessi ber hlutaðeigandi útflutningastjóra að greiða.

8. gr.

Fyrir að mæla skip skal greiða lögreglustjóra 4 kr. í dagpeninga fyrir dag hvern, sem hann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu, og borgun fyrir ferðakostnað eptir reglum þeim, sem settar eru hjer að framan.

9 gr.

Greiða skal lögreglustjóra sömu dagpeninga og borgun fyrir ferðakostnað, sem segir í 8. gr., þegar hann verður að takast ferð á hendur í tilefni af rannsóknum þeim og vottorðum, sem getið er um í 2. og 3. gr. laga nr. 10, 11. febrúar 1876.

Alle Akter, Udskrifter og Genparter bør gives saaledes beskrevne, at enhver Side holder 28 Linier og hver Linie 32 Bogstaver, og hvor der i Afskrifterne forekommer Beregninger eller Taksationer, saa at der udfordres en eller to Marginer paa Siden, skal enhver Linie, hvor der er een Margen, holde 24 Bogstaver, og hvor der er to Marginer, 16 Bogstaver. Nr. 2. 2den Febr.

Skriverlønnen ved Landsoverretten, der beregnes efter de foranstaaende Regler, tilfalder Justitssekretæren.

§ 4.

I Justits- og andre Domssager, være sig offentlige eller private, samt ved Foged-, Skifte-, Auktions-, Notarial-, Besigtigelses-, Granskning-, Delings- og andre deslige Forretninger tilkommer der Embedsmanden Godtgørelse for hans virkelig havte Rejseomkostninger efter specificeret Regning, der i offentlige og beneficerede Sager samt i private Sager i Tilfælde af Tvist decideres af vedkommende Amtmand. Naar en Rejse foretages efter privat Begæring, staar det Rekvirenten frit for i Stedet for at godtgøre Retsbetjenten hans Rejseomkostninger, at give ham fri Befordring til og fra det Sted, hvor Forretningen udføres.

§ 5.

Naar flere Forretninger end een foretages paa den samme Rejse, fordeles Godtgørelse for Rejseomkostninger i rigtigt Forhold paa hver Forretning, men for de Forretninger, som foretages paa en Mandtalstingrejse, kan Retsbetjenten kun beregne Godtgørelse for Rejseomkostninger for de Dage, som hans Rejse ved de paagældende Forretningers Foretagelse er bleven opholdt.

§ 6.

I Tilfælde af Stranding tilkommer der Politimesteren eller hans befuldmægtigede 6 Kr. for hver Dag, han paa Grund af Strandingen maa være borte fra sit Hjem iberegnet de Dage, Auktionen over Strandingsgodset holdes. For de Dage, da Politimesterens Nærværelse paa selve Stranden for Bjærgningens Skyld kræves i længere Tid end 8 Timer daglig, forhøjes Betalingen med 50 pCt., hvorved imidlertid den Tid, som maatte behøves til Protokollens Ordning m. v., ikke tages i Betragtning. Endvidere tilkommer der Politimesteren eller hans befuldmægtigede Godtgørelse for Rejseomkostninger efter de i det foregaaende fastsatte Regler.

§ 7.

For Tilsyn med Udvandringer tilkommer der Politimesteren 6 Kr. for hver Dag, han i den Anledning maa være borte fra sit Hjem, samt endvidere Godtgørelse for Rejseomkostninger efter foranstaaende Regler, hvilket alt betales af vedkommende Udvandringsagent.

§ 8.

For et Skibs Maaling tilkommer der Politimesteren 4 Kr. i Diæter for hver Dag, han for Maalingens Skyld maa være borte fra sit Hjem, samt Vederlag for Befordring efter de i det foregaaende fastsatte Regler.

§ 9.

Samme Diæter og Vederlag for Befordring som i foregaaende Paragraf bestemt tilkommer der Politimesteren, naar han maa gøre Rejse i Anledning af de i Lov Nr. 10 af 11te Februar 1876 §§ 2 og 3 ommeldte Undersøgelser og Attestationer.

Nr. 2. 2. febr.

10. gr.

Þegar valdsmaður þarf að takast ferð á hendur til að gefa hjón saman í borgaralegt hjónaband samkvæmt lögum um utanþjóðkirkjumenn 19. febr. 1886, ber honum 3 kr. hvern þann dag, sem þann vegna þess verður að vera fjarverandi frá heimili sínu og enn fremur borgun fyrir ferðakostnað eptir þeim reglum, sem settar eru hjer að framan.

11. gr.

Á allar rjettargjörðir og skjöl, sem embættismönnum og sýslunarmönnum þeim, sem ræðir um í lögum þessum, er borgað fyrir að gefa út eða rita á, eða sem snerta embættisgjörðir, sem þeim ber borgun fyrir, skal bæði rita borgunina með tölustöfum og bókstöfum, og eins er um borgun fyrir ferðakostnað og dagpeninga, er þeir hafa fengið.

Sje brotið gegn þessu, varðar það sektum, allt að 100 kr. til landssjóðs.

12. gr.

Lög þessi snerta eigi innheimtulaun þau, er lögreglustjórar fá eptir gildandi lögum fyrir að heimta inn aðflutningsgjald af vínföngum, tóbaki, kaffi og sykri, og útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. Svo er og um dagpeninga þá og borgun fyrir ferðakostnað, sem greiða skal sýslumönnunum sem formönnum sýslunefndanna samkvæmt 33. gr. í tilskipun 4. maí 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

13. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numið opið brjef 21. marts 1800 um dagpeninga í sakamálum og aukatekjureglugjörð fyrir rjettarins þjóna á Íslandi 10. september 1830, að því er snertir gjöld þau, er sýslumönnum og bæjarfógetum ber samkvæmt henni.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júli 1894.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 2. febrúar 1894.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*J. Nellemann.*

§ 10.

Naar en Øvrighedsperson maa foretage en Rejse for i Henhold til Lov angaaende Personer, der staa uden for Folkekirken, af 19de Februar 1886 at forrette borgerlig Vielse, tilkommer der ham 3 Kr. for hver Dag, han i denne Anledning maa være borte fra sit Hjem, samt endvidere Vederlag for Rejseudgifter efter de i det foregaaende fastsatte Regler.

§ 11.

Paa alle Akter og Dokumenter, for hvis Udstedelse eller Paategning de i denne Lov omhandlede Embeds- og Bestillingsmænd nyde nogen Betaling, eller som angaa Forretninger, i Anledning af hvilke der tilkommer dem Betaling, bør den modtagne Betaling anføres baade med Tal og med Bogstaver, hvilket ogsaa gælder om de Diæter og den Befordringsgodtgørelse, de maatte have oppebaaret.

Forsømmelse heraf straffes med Bøder indtil 100 Kr., som tilfalde Landskassen.

§ 12.

De Politimestrene efter gældende Love tilkommende Procenter for at indkræve Indførselsafgift af Spirituosa, Tobak, Kaffe og Sukker samt Udførselsafgift af Fisk, Tran m. v. ere uberørte af nærværende Lov. Det samme gælder om de Sysselmændene som Formænd for Sysselforstanderskaberne i Forordningen om de islandske Landkommuners Styrelse af 4de Maj 1872 § 33 tillagte Dagpenge og Befordringsgodtgørelse.

§ 13.

Ved denne Lov ophæves Plakat 21de Marts 1800 angaaende Diætpenge i Delinkvent- og Justitssager, samt Sportelreglement for Rettens Betjente af 10de September 1830, for saa vidt angaar de Sysselmænd og Byfogder deri tillagte Betalinger.

§ 14.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Juli 1894.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 2den Februar 1894.**

---

**Ministeriet for Island, den 2den Februar 1894.**

*J. Nellemann.*

*Ólafur Halldórsson.*

Nr 2. Lov af 2den Februar om de Sysselmænd og Byfogder med flere tilkommende Sportler, Diæter og Vederlag for Rejseomkostninger.